

STJÓRNANDINN

I. tölublað 20. árg.

Brú félag stjórnenda

Febrúar 2019

100 ára

Þann 3. mars n.k. verður Brú félag stjórnenda 100 ára.

Til að fagna þeim tímamótum hefur verið tekin ákvörðun um að bjóða til tónlistarveislu í Háskólabíói á afmælisdaginn þann **3. mars kl 17:00**, þar sem fram munu koma söngvaramir; Pálmi Gunnarsson – Páll Rósinkranz – Jóhanna Guðrún og Ragnheiður Gröndal, ásamt hljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar; Gunnlaugur Briem á trommum – Friðrik Sturluson á bassa – Pétur Valgarð Pétursson á gítar – Jón Elvar Hafsteinsson á gítar og Einar Valur Scheving á slagverk.

Hljóð: Haffi Tempó, ljós Freyr-Vilhjálmsson
Aðgangseyrir er valfráls og mun hann allur renna til góðgerðamálefnis í nafni félagsins.

Er það einlæg von okkar að sem flestir **félagsmenn Brúar** sjái sér fært að mæta og taki með sér gesti.

Vinsamlegast látið vita á skrifstofu félagsins hversu marga þú ætlar að taka með þér á tónlistarveisluna sími: 562-7070 bfs@bfs.is

Stjórn Brúar félags stjórnenda.

100 ára afmælistónleikar

100 ára afmælistónleikar
Brúar í Háskólabíói. 3. Mars kl. 17.
Félagar í Brú halda tónleikana og bjóða með sér gestum.
Aðgangur er valfrjáls og rennur til góðgerðasamtaka.

BRÚ félag stjórnenda

AÐALFUNDUR!

Brú félag stjórnenda heldur aðalfund sinn mánudaginn 18. mars 2019 kl. 19:00 í húsnæði félagsins að Skipholti 50d.

Venjuleg aðalfundastörf

Félagar fjölmennið!

Stjórn Brúar félags stjórnenda

EFNI Í ÞESSU BLAÐI:

100 ára.....	1
Aðalfundur.....	1
Sumarleyfishugleiðingar	2
Í tilefni af 100 ára afmæli	
Brúar, félags stjórnenda.....	3
Orlof 2019.....	4
Úr lögum félagsins.....	4

Sumarleyfishugleiðingar

Þegar þetta er skrifað í enda janúar þá er snjór yfir öllu og 11 stiga frost – stillt og fallett veður í höfuðborginni. Þá leitar hugurinn til þess hvað á að gera í sumar? Á að fara erlendis eða bara vera heima og ferðast um Ísland, það er spurning. Vonandi kemur betra sumar en í fyrra en eins og margir ættu að muna þá einkenndist það að miklum rigningum– roki og kulda.

En hvernig sem veðrið verður í sumar þá langar mig til að ferðast um landið en það hef ég ekki gert í mörg ár og kannski kominn tími til þess og þá spyr maður sig hvert á að fara? Ég hef verið heppinn að fá erlenda gesti til landsins og hef farið með þá í mislangar ferðir, þar hef ég forvitnast um hvað að þeir vilji skoða og sjá og það kemur mér stundum ekki á óvart að þeir vilji sjá Gullfoss og þessar algengustu perlur sem við höfum upp á bjóða.

Ég hef oft viljað koma þeim á óvart og fara með þá líka eitthvað annað þar sem ferðamaðurinn fer sjaldan eða jafnvel veit ekki af þar sem þeir fara í skipulagðar ferðir á vegum einhverrar ferðaskrifstofu, jafnvel leigja bíl og keyra á þjóðvegi 1. Mig langar að minnast á nokkrar af mínum uppáhalds stöðum á landinu þar sem þessir vinir og kunningjar mínir finnst alla jafna frábærir.

Vestfirðir, hvað er fallegra en þessi hrikalegu stóru fjöll, brattir fjallvegir, stórkostlegir dalir í botnum fjarðanna fyrir vestan, vera upp á efstu brún á einhverjum fjallveganna og sjá allt þetta frábæra útsýni sem blasir við manni. Horfa yfir Breiðafjörðinn, en þar missa margir andann því að margir staðir erlendis bjóða ekki upp á þessa liti á gróðrinum. Hér er ein af þeim myndum sem ég hef tekið á ferðum mínum.

Næstu mynd tók ég upp á Dynjandisheiði en að fara þar um er eins og margir vita falleg leið með útsýni t.d. yfir Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð. Þar er einn að fyrstu virkjunum á Íslandi og svo ekki sé talandi um Arnarfjörðinn með allar sínar sögur um galdramenn. Þar er fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og þar er gaman að skoða minjasafnið, hvort sem við erum íslensk eða erlend skilur það eftir sig spurningar um hvernig fólkið lifði fyrr á öldum fyrri tíma bíla, traktora og stórra veiðiskipa. Leikföng sem börnin léku sér með voru ekki t.d. plastbílur heldur það sem fannst hér og þar



Dynjandisheiði.



Séð yfir Breiðafjörð.

í náttúrunni en þetta eru sögur sem segi mínum erlendu gestum og vinum.

Dynjandisfoss er einn fallesti foss sem ég hef séð. Frá Reykjavík er 5-6 klst. Keyrsla þangað.

Hve margir vita að Dynjandisfossinn er með sex fossa? Efstur er Fjallfoss, þá Hundafoss, Strokkrur, Göngumannafofoss, Hrísvaðsfoss og Sjóarfoss. Svo er eitt Dynjandisfossin gengur líka undir nafninu Fjallfoss!

En það er ekki auðvelt eða skemmtilegt fyrir farartækin sem við förum á að ferðast vestur, vegirnir mjög slæmir, holóttir, viðhald lélegt og kannski gerir það Vestfirði að besta leyndarmáli á Íslandi vegna þess að sumt fólk nennir ekki að fara þangað vegna lélegra vega.

En það eru auðvitað til aðrir fallestir staðir en Vestfirðir, t.d. að ferðast um Norðurland er líka mjög athyglisvert, aka frá Blönduósi til Skagafjarðar yfir Þverárfjall til Sauðárkróks, þar er margt að skoða. Fara þaðan yfir á Hóla, biskupssetrið, sem geymir aldagamlar sögur þar sem margir umtalaðir biskupar hafa setið.



Sigurður Kristinnsson.

Koma við á Hofsósi og fara í sund í þeirra gullfallegu sundlaug með útsýni yfir fjörðinn. Hvernig væri að koma síðan við og skoða Grafarkirkju á leiðinni til Siglufjarðar kirkjan var byggð árið 1680 og er m.a. byggð úr torfi. Mjög athyglisvert er að sjá hvað Íslendingar hafa stækkað frá þessum tíma en maður sér það þegar gengið er inn í kirkjuna en meðalmaður þarf að beygja sig til að komast inn þar sem dyrnar eru ekki háar.

Svo er að halda áfram í gegnum Siglufjörð til Akureyrar í gegnum þessu flottu Héðinsfjarðargöng en þau hafa auðveldað allar samgöngur. Gaman er að stoppa á Siglufirði



Dynjandisfoss..



Úr Grafarkirkju.




Bústaðurinn á Akureyri.

og sjá hvað er búið að gera þennan bæ flottan, gera upp öll þessi hús og koma upp söfnum. Hótelíð þeirra gerir ekkert nema fegra þennan flotta bæ, ef eitthvað er.

Enn einn möguleikinn að verja sumrinu er t.d. að leigja einhvern af þessum flottu sum-

arbústöðum sem Brú á. Þessar hugleiðingar mínar hér að ofan gætu verið góð ferð fyrir mig eða einhvern til að ferðast um landið okkar. Frábært væri að enda á bústaðnum okkar á Akureyri. Þar er góður kostur að slappa af, fara í stuttar eða langar skoðunarferðir um nágrenni Akureyrar, en bústaðurinn er með frábæru útsýni yfir Akureyri og Eyjafjörðinn. Ef við nenum ekki að elda heima í bústað þá eru mörg góð veitingahús, bæði á Akureyri og þar í kring. Að skoða bæði Húsavík og Mývatn er flottur ferðadagur, jafnvel að skella sér í böðin annaðhvort á Húsavík eða Mývatni.

Með kveðju
Sigurður Kristinsson



Í tilefni af 100 ára afmæli Brúar, félagsstjórnenda

Það var á vordögum árið 1961 sem ég gerðist verkstjóri í hlaðeild Flugfélags Íslands á Reykjavíkuflugvelli. Í mínum huga kom ekkert annað til greina en að ganga í Verkstjórafélag Reykjavíkur, en til þessi þurfti vinnuveitandinn að samþykkja inngöngu mína í félagið, svo einkennilegt sem það er nú og er sú tilhögun enn við lýði, þessu þarf að breyta, gegni starfsmenn sannanlega verkstjórn þá eiga þeir að fara sjálfkrafa í viðkomandi stjórnendafélag. Þegar ég gekk í félagið var Haukur Guðjónsson formaður þess. Ekki leið á löngu þar til ég tók að mér nefndarstörf sem ég gengndi nær óslitið þar til ég hætti verkstjórn árið 2000. Það var afar ánægjulegt að starfa fyrir félagið. Hjá félaginu hafa margir valinkunnir einstaklingar starfað eins og Högni Jónsson, Kristján Örn Jónsson, Skúli Sigurðsson og Óskar Mar sem allir gegndu mikilvægum embættum fyrir verkstjórasamtökin og lögðu góðan grunn að félaginu eins og það er í dag. Það hefur alltaf verið mikil gróska í félagsstarfi félagsins, sem dæmi hefur orlofsnefndin verið mjög virk og er enn með fjögur orlofshús sem eru afar vel nýtt. Nú er félagið 100 ára. Síungt félag, vel rekið og af metnaði þar sem Eygló Guðmundsdóttir heldur um stjórnvölinn með mikilli þrýði og röggsemi. Stjórn félagsins hefur borið gæfa til að leiða félagið til góðra verka í gegnum tíðina. Ég óska Brú, félagi stjórnenda til hamingju með 100 árin og megi það vaxa og dafna um ókomna tíð og vinna að áframhaldandi góðum málum í þágu félagsmanna sinna og Íslensks atvinnulífs. Lifið heil,

Aðalsteinn Dalmann Októsson

Orlof 2019

Páskaúthlutun orlofshúsa 2019

Sækja verður sérstaklega um páska vikuna en um hana gilda sömu reglur og um sumarleigu.

Umsóknir verða að hafa borist 5 vikum fyrir páska þ.e. 13.mars og fer úthlutun fram síðar þann sama dag.

- Greiðsla þarf að hafa borist fyrir 20.mars 2019
- Leggja má inn á reikning 0111-26-96619 kt. 680269-6619,
- Verð á páska leigu er kr. 28.000 (Hrafnaland 42.000)

Sumarúthlutun orlofshúsa 2019

Ákveðið hefur verið að úthlutun á sumarhúsum verði 21. mars og þurfa umsóknir að hafa borist fyrir 15. mars.

Um er að ræða 4 sumarhús; Einisfold 2 í Skorradal, Úthlíð Laugarvatni (við skiptum við starfsmannafélag NLFÍ á Einisfold 1 og húsi þeirra í Úthlíð), Áshvammur í Grímsnesi, Hrafnaland 1 á Akureyri og hjólhýsi.

- Umsóknarfrestur til 15. mars, hægt að sækja um á netinu www.bfs.is
- Vikuleigan er kr. 28.000 (Hrafnaland og hjólhýsið kr. 42.000)
- Húsin eru leigð út í viku í senn og er leiguvikan frá föstudegi kl. 16:00 til kl. 14:00 á næsta föstudegi. Nema hjólhýsið, það leigist út frá fimmtudegi eftir kl. 14:00 til fimmtudags fyrir kl. 12:00



Orlofsúrræði 2019

Ákveðið hefur verið að úthluta orlofsstyrkjum og gjafabréfum frá Ícelandair: kr. 30.000 hvert. Skila þarf inn kvittun fyrir einhversskonar orlofsúrræðum (flugfari, gistingu eða leigu á húsi, hjólhýsi eða e.h. þessháttar fyrir 1. nóvember 2019)

Útilegukortið – veiðikortið

Veiðikortið 2019 er komið á skrifstofuna og kostar kr. 4.000 (kortið er niðurgreitt til félagsmanna Brúar)

Útilegukortið 2019 kemur í mars og fæst þá á skrifstofunni og kostar kr. 11.000 (niðurgreitt)



Ritnefnd Stjórnandans:

Sigurður Kristinnsson

Ábm. Pálína K. Árnadóttir

Stjórn félagsins skipa:

Formaður: Sigurður Haukur Harðarson

Ritari: Pálína K. Árnadóttir

Gjaldkeri: Vilhelmina S. Ólafsdóttir

Varaformaður: Bjarni Þór Gústafsson

Meðstjórnandi: Jón Hersteinn Jónsson

Varamaður: Friðrik Auðunn Jónsson

Varamaður: Eygló Guðmundsdóttir

Skrifstofa Bfs

Skipholti 50d,

105 Reykjavík og er opin frá kl. 9:00 til

14:00 alla virka daga.

Sími: 562-7070

Myndriti: 562-7050

Netfang: bfs@bfs.is

Heimasíða: bfs.is

Starfsmaður: Eygló Guðmundsdóttir

Heimasíða

Sambands stjórnendafélaga

Stf.is

Netfang: stf@stf.is

7. kafli

Stjórn félagsins, framboð og kosningar.

- 7.1. Stjórn félagsins skipa 5 menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi.
- 7.2. Varamenn skulu vera tveir og hafa rétt til setu á öllum stjórnarfundum, þeir skulu hafa málfrelsi og tillögurétt. Þurfi að kalla varamann til starfa innan stjórnar skal fyrst kalla til þann varamann sem setið hefur lengur.
- 7.3. Framboð til formanns, ritara, gjaldkera, varaformanns, meðstjórnanda, tveggja varamanna, fastanefnda, og skoðunarmanna reikninga skulu berast skriflega staðfest af frambjóðanda á skrifstofu félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund, merkt kjörnefnd. Þar skal koma fram í hvaða embætti frambjóðandi gefur kost á sér: Þegar skilafrestur á framboðum er liðinn, skal kjörnefnd félagsins sameina þau þannig að nafn hvers frambjóðanda komi aðeins einu sinni fram á kjörseðli.
- 7.4. Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, meðstjórnandi og varamenn skulu kosnir til tveggja ára, þannig að annað árið skulu kosnir 2 aðalmenn og einn varamaður og hitt árið 3 aðalmenn og 1 varamaður. Seta í stjórn er þó ekki takmörkuð við tvö ár: Fastanefndir og skoðunarmenn reikninga skal einnig kjósa til tveggja ára. Kosningar skulu vera skriflegar og fara fram á aðalfundi. Kosnir skulu: 2 menn í styrktar- og minningarsjóðsnefnd og einn til vara, 3 menn í orlofsjóðsnefnd og 1 til vara, 2 menn í vinnudeildusjóðsnefnd og 1 til vara, 2 skoðunarmenn reikninga og 1 til vara.
- 7.5. Atkvæðaseðill er ógildur ef á hann eru rituð fleiri nöfn en kjósa skal. Heimilt er að kjósa hverja fastanefnd í einni kosningu og skoðunarmenn reikninga.
- 7.6. Komi ekki mótframboð telst frambjóðandi sjálfkjörinn.